

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Hinn 12. janúar 1983 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breytingu á landnotkun í aðalskipulagi Reykjavíkur að í stað íbúðasvæðis á staðgreinireit 1.254, sem er spildan næst núverandi íbúðabyggð við Skipholt, komi miðbæjarsvæði.

Félagsmálaráðuneytið, 24. janúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 53

31. janúar 1983

AUGLÝSING

um umferð á Dalvík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Dalvíkur og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hefur verið ákveðið, að bifreiðastöður skuli bannaðar á Skíðabraut að austanverðu, frá Vegamótum og að gatnamótum Grundargötu.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn á Dalvík, 31. janúar 1983.

Eliás I. Eliasson.

Nr. 54

10. febrúar 1983

REGLUGERÐ

um notkun nítíta og formalíns sem rotvarnarefna til geymslu á loðnu og öðrum bræðslufiski.

1. gr.

Leyfi til notkunar nítíta er háð því skilyrði, að verksmiðjustjóri (vinnslustjóri) tilkynni Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, ef notað er nítít til rotvarnar á loðnu eða öðrum bræðslufiski. Leyfi er því aðeins veitt, að verksmiðjan hafi í þjónustu sinni kunnáttumann, sem kann skil á notkun rotvarnarefna og getur gert nítítákvarðanir.

2. gr.

Hráefni (loðna og annar bræðslufiskur) má aldrei innihalda meira en 150 mg/kg nítít, þegar það er unnið. Allar nítítákvarðanir í hráefni skulu bókfærðar og er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins heimill aðgangur að þessum niðurstöðum. Leyfilegt er að blanda saman rotvörðu og órotvörðu hráefni að því tilskildu, að nítítinnihald þess rotvarða sé undir 200 mg/kg og tryggt sé, að blöndun hráefnis sé góð.

3. gr.

Sýni skulu send Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins af öllu mjöli, sem framleitt hefur verið úr nítírtrotvörðu hráefni. Verksmiðjustjóri (vinnslustjóri) ber ábyrgð á, að sýni séu send Rannsóknastofnuninni sem fyrst af öllu nýframleiddu mjöli, sem unnið hefur verið úr nítírtrotvörðu hráefni. Í mjöli úr nítírtrotvörðu hráefni mega ekki mælast nítrosamín eða önnur eiturefni og hættuleg efni í því magni, er að dómi eiturefnanefndar telst varhugavert, sbr. 15. gr. laga nr. 85/1968.

4. gr.

Heimilt er að blanda formalíni (35% w/w lausn af formaldehyði í vatni) í nítírtlausnir samkvæmt fyrirmælum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, sbr. ákvæði 6. gr.

Um eftirlit með notkun formalíns og nítрата í fiskimjölsverksmiðjum fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðvum. Leyfi til notkunar formalíns er háð því skilyrði að farið sé að fyrirmælum og leiðbeiningum Vinnueftirlits ríkisins um notkun efnisins.

5. gr.

Notkun nítírita um borð í veiðiskipum er óheimil.

6. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur á hendi eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar. Rannsóknastofnunin sendir eiturefnanefnd árlega skýrslu um mælingar á nítírtum og öðrum eiturefnum og hættulegum efnum í bræðslufiski, sbr. ákvæði 3. gr.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari eða fyrirmælum sem sett kunna að vera samkvæmt henni, varða sviptingu leyfis til notkunar nítírts eða formalíns og sektum.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni, og að höfðu samráði við sjávarútvegsráðuneytið hvað varðar Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 459/1981 um notkun rotvarnarefna til geymslu á loðnu og öðrum bræðslufiski.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. febrúar 1983.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld í Bessastaðahreppi
nr. 521 30. september 1980.**

1. mgr. 8. gr. orðist svo:

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla skv. 3. og 6. gr. um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

Félagsmálaráðuneytið, 16. febrúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.